

15. gr.

Í 1. málsgr. 148. gr. falli niður þessi málsliður:

„Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið.“

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatækjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.